

---

# FRÉTTABRÉF BHS

---

Útg.: Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda

- Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi

- Húnaþraut 13, 540 Blönduós

9. árg. 6. tbl. 2010

s. 451-2601

s. 451-2602

Heimasíða: [www.rhs.is](http://www.rhs.is)

Ábm. Gunnar Ríkharðss.

netf.: [rhs@bondi.is](mailto:rhs@bondi.is)

netf.: [rhs@bondi.is](mailto:rhs@bondi.is)

Október 2010

---

## Námskeið í [www.jörð.is](http://www.jörð.is)

Kennt verður á nýtt skýrsluhaldsforrit í jarðrækt, [jörð.is](http://jörð.is), sem er að taka við af jarðræktarforritinu NPK. Farið verður yfir helstu þætti þess hvernig bændur geta nýtt sér vefforritið til að halda utan um jarðræktarsögu búsin, útbúa áburðaráætlanir og nýta við verðsamanburð á milli áburðarsala.

Tölvur verða til staðar á báðum stöðum, svo þátttakendur þurfa ekki að mæta með sínar eigin tölvur. Gott er hins vegar að mæta með tunkort ef menn eiga þau, heyfna- og eða jarðvegsefnagreiningar sem til eru og e.t.v. uppskerutölur síðasta sumars.

Kennari: Borgar Páll Bragason verkefnastjóri hjá BÍ.

**Tími: Fim. 21. okt, kl. 10:00-17:00 í Samstöðusalnum, Þverbraut 1, Blönduósi.**

**Fös. 22. okt, kl. 10:00-17:00 í Grunnskólanum Hólmavík**

Verð: 14.900 kr. (Námskeiðið er styrkhæft úr Starfsmenntasjóði bænda)

Skráning fer fram á [endurmenntun@lbhi.is](mailto:endurmenntun@lbhi.is) (fram komi nafn, kennitala, heimili, sími og nafn námskeiðs) eða í síma: 433 5033/ 433 5000. Staðfesta þarf skráningu með því að millifæra 2.900 kr (óafturkræft) á reikninginn 0354-26-4237, kt. 411204-3590. Hámarksfjöldi þátttakenda er 12.

---

## Gæðastýring í sauðfjárrækt – nýir þátttakendur

Nýir þátttakendur í gæðastýringu í sauðfjárrækt þurfa að sækja um það til Matvælastofnunar á þar til gerðum umsóknareyðublöðum. Umsóknarfrestur er til **20. nóvember** ef framleiðandi óskar eftir álagsgreiðslum á næsta almanaksári.

Eitt af grunnskilyrðum fyrir þátttöku í gæðastýringu í sauðfjárrækt er að hafa sótt undirbúningsnámskeið. Námskeið verður haldið á Hvanneyri **mánudaginn 8. nóvember** næstkomandi kl. 10:00-18:00. Þeir sem óska eftir að sækja það skrái þátttöku til BÍ fyrir 2. nóvember í síma 563-0300 eða á [bella@bondi.is](mailto:bella@bondi.is).

---

## Skráning lambadóma

Nú fer undirbúningur fyrir hrútaskrá vetrarins að hefjast og er því mikilvægt að koma dómum á hrútlömbum úr sæðingum inn í [www.fjarvis.is](http://www.fjarvis.is) sem allra fyrst. Þeir sem skrá dóma sjálfir eru því beðnir að hraða því sem mest. Þeir sem eiga eftir að koma dómablöðum til okkar með þunga eru sömuleiðis beðnir að koma því til okkar við allra fyrsta tækifæri. Það á einungis við um þá sem skrá ekki sjálfir inn í [fjarvis.is](http://fjarvis.is).

Við minnum einnig á að þeir bændur sem hafa dosFjávís eða netFjávís og slá sjálfir inn lambadóma **fyrir 26. október**, fá afkvæmarannsóknarstyrkinn greiddan að fullu en annars verða teknar 2.000 kr. á bú fyrir uppgjör afkvæmarannsóknar. Þetta er hugsað til að þessar upplýsingar séu sem mest komnar til okkar þegar lambaskoðun er lokið, svo við getum hafist handa af fullum kröftum við að ganga frá afkvæmarannsóknnum fyrir fengitímann og komið upplýsingum um dóma sæðingalamba til uppgjörs fyrir hrútaskrána. Best er ef menn senda okkur tölvupóst og láta vita um leið og innslætti er lokið, svo við vitum hvað er komið inn.

---

---

---

## Námskeið í ullarflokkun haustið 2010

Stórátak er að fara af stað í flokkun á ull í næsta mánuði þar sem Ullarmatsnefnd og Landssamtök sauðfjárbænda í samvinnu við Endurmenntun LbhÍ standa fyrir námskeiðum í ullarflokkun víðsvegar um land.

Námskeiðin verða haldin í fjárhúsum hjá bændum þar sem rúíð verður og ullin flokkuð jafnóðum. Auk þess verður farið yfir reglur um ullarflokkun og sýndar myndir til skýringar. Fyrirhugað er að halda námskeiðin á 17 stöðum og á sumum þeirra er möguleiki á tveimur námskeiðum sama daginn ef þátttaka verður mikil. Hvert námskeið verður u.þ.b. hálfur dagur ýmist fyrir eða eftir hádegi. Reiknað er með að hámarksfjöldi á hverju námskeiði séu 15 manns. Leiðbeinendur verða Emma Eyþórsdóttir, formaður ullarmatsnefndar og Guðjón Kristinsson, framkvæmdastjóri Ístex h.f.

Markmiðið með þessu átaki er að bæta vinnubrögð við ullarflokkun og stuðla þannig að betri nýtingu og auknu verðmæti ullarinnar.

Námskeiðsgjald er ekkert en gerð er krafa um skráningu sem fer fram hjá Endurmenntun LbhÍ í síma 433 5000 eða um netfangið [endurmenntun@lbhi.is](mailto:endurmenntun@lbhi.is)

### **Skráningarfrestur er til fimmtudagsins 28. október nk.**

Borgarfjörður - Steinar II. Laug. 30. okt. kl. 09.00

**Vestur-Húnavatnssýsla - Urriðaá sun. 31. okt. kl. 09.00**

**Austur-Húnavatnssýsla – Hof, Vatnsdal Sun. 31. okt. kl. 16.00**

Skagafjörður – Syðri Hofdalir. Mán. 1. nóv. kl. 09.00

Suður-Þingeyjarsýsla – Ingjaldsstaðir. Þri. 2. nóv. kl. 09.00

Norður-Þingeyjarsýsla – Laxárdalur í Þistilfirði. Mið. 3. nóv. (nánar síðar)

Borgarfjörður eystri – (nánar síðar), fim. 4. nóv. kl. 09.00

Miðhérað – (nánar síðar), fim. 4. nov. kl. 16.00

Austur-Skaftafellssýsla – Nýpugarðar. Fös. 5. nóv. kl. 09.00 og Svínafell kl. 16.00

Vestur-Skaftafellssýsla - Kirkjubæjarklaustur II lau. 6. nóv. kl. 09.00 og Giljur í Mýrdal kl. 16.00

Rangárvallasýsla – Teigur í Fljótshlíð. Sun. 7. nóv. kl. 09.00

Árnessýsla – Egilsstaðakot í Flóa. Sun. 7. nóv. kl. 16.00

Dalasýsla – Magnússkógar III. Þri. 9. nóv. kl. 09.00

**Reykhólasveit – Fremri-Gufudalur. Þri. 9. nóv. kl. 16.00**

Vestfirðir – Minni Hlíð, Bolungavík. Mið. 10. nóv. kl. 13.00

---

---

## Skýrsluhald í hrossarækt

Nú er komið að útsendingu á skýrsluhaldi í hrossarækt. Skýrsluhaldarar eru minntir á að þeir geta afþakkað í heimarétt Worldfengs að fá skýrsluhaldið sent á pappír. Fjölmarginir eru þegar búnir að færa allt skýrsluhaldið sitt í heimarétt Worldfengs en vel gæti verið að þeir eigi eftir að afþakka að fá skýrsluhaldið sent. Í fyrra fóru 25 þúsund blöð í dreifingu til allra þátttakenda í skýrsluhaldi í hrossarækt en vonir standa til að fjöldinn verði mun minni í ár vegna rafræna skýrsluhaldsins. Skýrsluhöldurum er bent á að hafa samband við Gunnar hjá BHS eða tölvudeild BÍ til að fá aðstoð við rafræn skil á skýrsluhaldsupplýsingum.

**Nú eru síðustu forvöð að grunnskrá stóðmerarnar ef menn ætla að fá folöldunum slátrað í haust því við slátrun folalda verður í það minnsta að framvísa grunnskráningarnúmerum mæðra þeirra.**

---

---

## Jarðabótaúttektir

Ef einhverjir hafa gleymt að láta vita af jarðabótum hjá sér (skurðgreftir eða endurræktun) eru síðustu forvöð að gera það núna til að fá úttekt á þær. Hafið þá samband við Kristján hjá BHS í síma 451-2602 eða á [koe@bondi.is](mailto:koe@bondi.is).

---

---